



BARNAVERNDARSTOFA

Tölulegar upplýsingar frá barnaverndarnefndum 2019

Birt í nóvember 2020.

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| <i>Yfirlit yfir töflur</i> | III |
| <i>Yfirlit yfir myndir</i> | III |
| INNGANGUR | 4 |
| 1 YFIRLIT YFIR BARNAVERNDARMÁL | 6 |
| 1.1 FJÖLDI BARNAVERNDARMÁLA..... | 6 |
| 1.2 FJÖLDI BARNAVERNDARNEFNDA OG STARFSFÓLKS EFTIR ÍBÚAFJÖLDA Í UMDÆMUM..... | 6 |
| 1.3 FJÖLDI BARNAVERNDARMÁLA EFTIR LANDSHLUTUM OG STÆRÐ UMDÆMA BARNAVERNDARNEFNDA..... | 8 |
| 1.4 ALDUR OG KYN BARNA SEM NEFNDIRNAR HÖFÐU TIL MEÐFERÐAR..... | 9 |
| 1.5 HEIMILISAÐSTÆÐUR BARNA..... | 10 |
| 1.6 ERLENDUR UPPRUNI BARNA..... | 10 |
| 2 TILKYNNINGAR TIL BARNAVERNDARNEFNDA | 11 |
| 2.1 FJÖLDI TILKYNNINGA..... | 11 |
| 2.2 HVER TILKYNNIR TIL BARNAVERNDARNEFNDA?..... | 11 |
| 2.3 TILKYNNINGAR SEM BÁRUST Í GEGNUM NEYÐARLÍNUNA 112..... | 12 |
| 2.4 ÁSTÆÐUR TILKYNNINGA..... | 13 |
| 2.5 FJÖLDI TILKYNNENDA SEM ÓSKA EFTIR NAFNLEYND..... | 14 |
| 2.6 FJÖLDI TIKYNNINGA, FJÖLDI BARNA SEM TILKYNNNT VAR UM OG KÖNNUN MÁLS..... | 15 |
| 2.7 FJÖLDI BARNA SEM TILKYNNNT VAR UM OG HLUTFALL BARNA ÞAR SEM ÁKVEÐIÐ VAR AÐ HEFJA KÖNNUN Í KJÖLFAR TILKYNNINGAR EFTIR LANDSHLUTUM..... | 16 |
| 2.8 NIÐURSTAÐA KÖNNUNAR..... | 17 |
| 3 ÚRRÆÐI BARNAVERNDARNEFNDA | 18 |
| 3.1 SKRIFLEGAR ÁÆTLANIR..... | 18 |
| 3.2 STUÐNINGSÚRRÆÐI BARNAVERNDARNEFNDA ÁN TÖKU BARNS AF HEIMILI..... | 18 |
| 3.3 FJÖLDI BARNA SEM RÁÐSTAFað VAR UTAN HEIMILIS..... | 18 |
| 3.4 BÖRN SEM FÓRU Í FÓSTUR SAMKVÆMT ÁRSSKÝRSLUM BARNAVERNDARNEFNDA..... | 19 |
| 4 ÚRSKURÐIR OG AÐRAR ÁKVARÐANIR BARNAVERNDARNEFNDA | 20 |
| 4.1 FORSJÁRSVIPTINGAR..... | 20 |
| 4.2 UMSAGNIR VEGNA ÆTTLEIÐINGAR..... | 21 |
| VIÐAUKI | 22 |
| YFIRLIT BARNAVERNDARNEFNDA 2019..... | 22 |

Yfirlit yfir töflur

| | |
|---|----|
| TAFLA 1-1 YFIRLIT YFIR BARNAVERNDARMÁL | 6 |
| TAFLA 1-2 FJÖLDI BARNAVERNDARNEFNDA OG STARFSFÓLKS EFTIR ÍBÚAFJÖLDA Í UMDÆMUM ¹ | 7 |
| TAFLA 1-3 FJÖLDI BARNAVERNDARMÁLA ¹ EFTIR STÆRÐ UMDÆMA BARNAVERNDARNEFNDA | 8 |
| TAFLA 1-4 ALDUR ¹ OG KYN BARNA SEM NEFNDIRNAR HÖFÐU TIL MEÐFERÐAR | 9 |
| TAFLA 1-5 HEIMILISAÐSTÆÐUR BARNA ¹ | 10 |
| TAFLA 1-6 HLUTFALL BARNA AF ERLENDUM UPPRUNA | 10 |
| TAFLA 2-1 FJÖLDI TILKYNNINGA | 11 |
| TAFLA 2-2 TILKYNNINGAR ¹ TIL BARNAVERNDARNEFNDA | 12 |
| TAFLA 2-3 TILKYNNINGAR SEM BÁRUST Í GEGNUM NEYÐARLÍNUNA 112 | 12 |
| TAFLA 2-4 ÁSTÆÐUR TILKYNNINGA ¹ | 13 |
| TAFLA 2-5 FJÖLDI BARNA Í YFIRVOFANDI HÆTTU AÐ MATI TILKYNNENDA | 14 |
| TAFLA 2-6 FJÖLDI TILKYNNENDA SEM ÓSKA EFTIR NAFNLEYND | 14 |
| TAFLA 2-7 YFIRLIT YFIR TILKYNNINGAR, FJÖLDA BARNA OG KANNANIR ¹ | 15 |
| TAFLA 2-8 FJÖLDI BARNA SEM TILKYNNNT VAR UM OG HLUTFALL BARNA ÞAR SEM ÁKVEÐIÐ VAR AÐ HEFJA KÖNNUN Í KJÖLFAR TILKYNNINGAR EFTIR LANDSHLUTUM | 16 |
| TAFLA 2-9 NIÐURSTAÐA KÖNNUNAR | 17 |
| TAFLA 2-10 FJÖLDI BARNA SEM RÆTT VAR VIÐ Í KÖNNUN MÁLS | 17 |
| TAFLA 3-1 SKRIFLEGAR ÁÆTLANIR | 18 |
| TAFLA 3-2 STUÐNINGSSÚRRÆÐI BARNAVERNDARNEFNDA ÁN TÖKU BARNS AF HEIMILI ¹ | 18 |
| TAFLA 3-3 FJÖLDI BARNA SEM RÁÐSTAFað VAR UTAN HEIMILIS | 19 |
| TAFLA 3-4 BÖRN SEM FÓRU Í FÓSTUR SAMKVÆMT ÁRSSKÝRSLUM BARNAVERNDARNEFNDA ¹ | 19 |
| TAFLA 4-1 FJÖLDI BARNA ÞAR SEM BARNAVERNDARNEFND EÐA DÓMSTÓLAR ÚRSKURÐUÐU OG ÝMSAR ÁKVARÐANIR BARNAVERNDARNEFNDA | 20 |
| TAFLA 4-2 KRÖFUR FYRIR DÓMI UM SVIPTINGU FORSJÁR | 20 |
| TAFLA 4-3 UMSAGNIR VEGNA ÆTTLEIÐINGAR ¹ | 21 |
| TAFLA 0-1 BARNAVERNDARNEFNDIR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2019 | 23 |

Yfirlit yfir myndir

| | |
|---|----|
| MYND 1-1 YFIRLIT YFIR BARNAVERNDARMÁL | 6 |
| MYND 1-2 ALDURSDREIFING BARNA SEM NEFNDIRNAR HÖFÐU TIL MEÐFERÐAR Á ÁRUNUM 2015–2019 | 9 |
| MYND 2-1 FJÖLDI TILKYNNINGA | 11 |
| MYND 2-2 TILKYNNINGAR TIL BARNAVERNDARNEFNDA | 12 |
| MYND 2-3 ÁSTÆÐUR TILKYNNINGA | 13 |
| MYND 2-4 YFIRLIT YFIR TILKYNNINGAR, FJÖLDA BARNA OG KANNANIR | 15 |
| MYND 4-1 KRÖFUR UM SVIPTINGU FORSJÁR | 21 |

Inngangur

Barnaverndarnefndir sveitarfélaga bera ábyrgð á framkvæmd barnaverndarstarfs í eigin umdæmi og lúta eftirliti Barnaverndarstofu, sem hefur m.a. það hlutverk að samhæfa og efla barnaverndarstarf í landinu. Samantekt sú sem hér er birt tekur til tölulegra upplýsinga vegna ársins 2019 frá barnaverndarnefndum á Íslandi, sem á árinu 2019 voru 27 talsins, með tölulegum samanburði við árin 2015 - 2018. Samkvæmt barnaverndarlögum skulu barnaverndarnefndir fyrir 1. maí ár hvert senda Barnaverndarstofu skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Byggir samantekt þessi á umræddum skýrslum nefndanna, sem bárust Barnaverndarstofu á tímabilinu 28. febrúar til 7. júlí 2020. Ítarlegri upplýsingar um barnaverndarnefndir landsins koma fram í kafla 1.2. og viðauka I.

Tölurnar, sem fram koma í samantekt þessari sýna meðal annars eftirfarandi:

Barnaverndarmál

Þróun undanfarinna ára hefur verið sú að barnaverndarmálum hefur fjölgað jafnt og þétt, þ.e.a.s. sífellt fleiri tilkynningar leiða til könnunar máls (sjá töflu 2.7). Mál tæplega 67% barna sem tilkynnt var um á árinu 2019 fóru í könnun eða voru opin barnaverndarmál. Þetta hlutfall hefur verið svipað frá árinu 2015, fór hæst í 69% árið 2018. Nýjum könnunum á árinu 2019 fjölgaði um 3,9% miðað við árið á undan, en fjölgunin er 16% frá árinu 2015.

Barnaverndarmálum hefur fjölgað um rúmlega 19% á síðastliðnum fimm árum og nemur sú fjölgun um 927 börnum. Heildarfjöldi barnaverndarmála árið 2019 var 5.740 börn en sú tala segir okkur að barnaverndin á Íslandi hafði til meðferðar rúmlega 7% af heildarfjölda barna á Íslandi á árinu 2019. Hlutfall drengja er aðeins hærra en stúlkna þegar heildarfjöldi barnaverndarmála er skoðaður og hlutfall barna af erlendum uppruna hefur aukist undanfarin ár úr 19,9% á árinu 2015 í 22,7% á árinu 2019. Hlutfallið lækkaði lítillega milli árana 2017 og 2018.

Tilkynningar

Tilkynningum hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Fjöldi tilkynninga á árinu 2019 var 11.370 tilkynningar, sem er rúmlega 11% fjölgun frá árinu á undan. Hins vegar er fjölgunin frá árinu 2015 rúmlega 32%.

Eðli málsins samkvæmt geta árlegar sveiflur á milli sveitarfélaga eða landshluta verið hlutfallslega meiri eða minni en breytingar á milli ára eru á landsvísu. Árið 2019 fjölgaði tilkynningum til dæmis um 6,3% í Reykjavík, um 9,6% í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur og á landsbyggðinni um 19,4%. Ef tímabil síðustu fimm ára er skoðað þá eru sveiflurnar mun meiri, fjölgunin í Reykjavík er 18,5%, 40,6% í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur og 46,9% á landsbyggðinni.

Helstu ástæður tilkynninga skiptust þannig árið 2019 að 42% tilkynninga voru vegna vanrækslu, 26,4% vegna ofbeldis, 30,9% vegna áhættuhegðunar barns og 0,8% þar sem heilsu og lífi ófæddis barns var í hættu. Eru hlutföll milli þessara flokka svipuð og verið hefur síðustu ár.

Á síðustu árum hefur hlutfalli tilkynninga vegna vanrækslu fjölgað jafnt og þétt og var hlutfall þeirra hæst árið 2019 eða 42% af heildarfjölda tilkynninga sama ár. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi hækkaði fram til ársins 2017 og var hæst 28,3% en lækkaði lítillega eftir það. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna lækkaði á árinu 2016 og hefur verið á bilinu 30,9% til 32,9% síðan þá. Hlutfall tilkynninga þar sem heilsu eða lífi ófæddis barns er í hættu hefur verið frá úr 0,6% til 1,1%, lækkaði lítillega á árinu 2019.

Þess má einnig geta að hlutfall tilkynninga í floknum „þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu hefur hækkað á sl. árum. Hlutfallið var 14,6% á árinu 2019 og hefur ekki verið hærra á samanburðartímabilinu. Hvað varðar heimilisofbeldi þá var hlutfall tilkynninga á árinu 2019 8,9%, en fór hæst í 9,5% á árinu 2016.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu sem fyrr og tilkynningar frá opinberum aðilum hafa verið yfir 70% tilkynninga sl. fimm ár.

Oft berst fleiri en ein tilkynning vegna sama barns og því gefur fjöldi barna að baki tilkynningunum annað sjónarhorn við mat á stöðu mála. Alls vörðuðu tilkynningar 5.936 börn á árinu 2019 og eru það fleiri börn en árið á undan þegar tilkynningar voru 10.232 og börnin 5.424.

Úrræði

Markmið barnaverndarstarfs er m.a. að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita viðeigandi úrræðum til verndar einstökum börnum. Það kemur því ekki á óvart að í þorra barnaverndarmála tekst gott samstarf á milli foreldra og barnaverndarnefnda þótt það sé ekki ætíð svo.

Samkvæmt barnaverndarlögum skal barnaverndarnefnd gera skriflega áætlun um meðferð máls ef niðurstaða könnunar hefur leitt í ljós að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða ef barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni. Gera á skriflega áætlun í máli hvers barns þegar þörf er talin fyrir afskipti (undantekning ef niðurstaða könnunar liggur ekki fyrir í lok árs). Ljóst er að vanhöld eru á því að barnaverndarnefndir geri slíkar áætlanir, en fjöldi áætlana er færri en fjöldi barnaverndarmála gefur til kynna að þær ættu að vera.

Á meðal athyglisverðustu upplýsinga frá barnaverndarnefndum er sú fjölgun sem verður á kröfum um forsjárvíptingar árin 2015-2019. Fjöldi barna þar sem krafa um forsjárvíptingu var gerð fyrir dómi á árinu 2018 var 42 börn, en fækkaði í 27 börn á árinu 2019. Á árunum 2015-2017 voru þau 27-33. Hins vegar varð fækkun á þvingunarráðstöfunum nefndanna og dómstóla á árunum 2018 og 2019 eftir nokkra fjölgun árin á undan.

Fjöldi fósturráðstafana hefur aukist undanfarin ár, en á árinu 2018 fækkaði ráðstöfunum í fóstur úr 111 á árinu 2017 í 80 á árinu 2018. Ráðstöfunum fjölgaði á ný á árinu 2019 þegar þær voru 104.

1 Yfirlit yfir barnaverndarmál


1.1 Fjöldi barnaverndarmála

Tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli þegar nefndin ákveður kanna efni hennar. Barnaverndarmálum hefur farið fjölgandi frá árinu 2015 og voru þau 5.740 á árinu 2019. Hlutfall nýrra barnaverndarmála var 52,1% af heildarfjölda barnaverndarmála árið 2019.

Tafla 1-1 Yfirlit yfir barnaverndarmál

| | 2015 | | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---------------------------------------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Fjöldi nýrra barnaverndarmála á árinu | 2.514 | 52,2 | 2.715 | 51,1 | 2.678 | 50,8 | 2.828 | 51,4 | 2.992 | 52,1 |
| Fjöldi eldri barnaverndarmála | 2.299 | 47,8 | 2.601 | 48,9 | 2.594 | 49,2 | 2.675 | 48,6 | 2.748 | 47,9 |
| Samtals barnaverndarmál ¹ | 4.813 | 100,0 | 5.316 | 100,0 | 5.272 | 100,0 | 5.503 | 100,0 | 5.740 | 100,0 |

¹Tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli þegar nefndin ákveður kanna efni hennar.



Mynd 1-1 Yfirlit yfir barnaverndarmál

1.2 Fjöldi barnaverndarnefnda og starfsfólks eftir íbúafjölda í umdæmum

Lög heimila sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi að haga skipan barnaverndarmála með ýmsum hætti. Fyrir utan að skipa sérstaka barnaverndarnefnd er heimilt að fela félagsmálanefnd framkvæmd barnaverndarlaga. Einnig er unnt að skipa sameiginlega barnaverndarnefnd með öðrum sveitarfélögum eða á héraðsgrundvelli. Við lok árs 2019 voru barnaverndarnefndirnar 27 og þar af sinntu 16 félagsmála/fjölskyldunefndir verkefnum barnaverndarnefnda. Samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd ekki vera undir 1500.

Fjöldi stöðugilda hefur aukist úr 105,3 á árinu 2017 í 121,55 á árinu 2019 en á sama tíma hefur starfsmönnum fjölgað um 7. Meirihluti starfsfólks barnaverndarnefnda eru konur eða 89,%.

Tafla 1-2 Fjöldi barnaverndarnefnda og starfsfólks eftir íbúafjölda í umdæmum¹

| Íbúafj. | 2015 | | | | 2016 | | | | 2017 | | | | 2018 | | | | 2019 | | | |
|-----------------|---------------|-------------|-------------|----------------------------------|---------------|-------------|-------------|----------------------------------|---------------|-------------|-------------|----------------------------------|---------------|-------------|-------------|----------------------------------|---------------|-------------|-------------|----------------------------------|
| | Fjöldi nefnda | Starfs-menn | Stöðu-gildi | Meðal-fjöldi stöðu-gilda á nefnd | Fjöldi nefnda | Starfs-menn | Stöðu-gildi | Meðal-fjöldi stöðu-gilda á nefnd | Fjöldi nefnda | Starfs-menn | Stöðu-gildi | Meðal-fjöldi stöðu-gilda á nefnd | Fjöldi nefnda | Starfs-menn | Stöðu-gildi | Meðal-fjöldi stöðu-gilda á nefnd | Fjöldi nefnda | Starfs-menn | Stöðu-gildi | Meðal-fjöldi stöðu-gilda á nefnd |
| Heildarfj. | 27 | 135 | 98,0 | 3,6 | 27 | 136 | 100,05 | 3,7 | 27 | 147 | 105,3 | 3,9 | 27 | 150 | 113,25 | 4,2 | 27 | 154 | 121,55 | 4,5 |
| 1000–1999 íbúar | 2 | 2 | 0,7 | 0,4 | 2 | 2 | 0,7 | 0,4 | 2 | 4 | 1,1 | 0,6 | 2 | 5 | 1,1 | 0,6 | 2 | 4 | 1,1 | 0,6 |
| 2000–2999 íbúar | 2 | 4 | 1,2 | 0,6 | 2 | 5 | 1,3 | 0,7 | 2 | 5 | 1,3 | 0,7 | 2 | 5 | 1,5 | 0,8 | 2 | 6 | 1,25 | 0,6 |
| 3000–3999 íbúar | 3 | 10 | 3,5 | 1,2 | 3 | 9 | 3,5 | 1,2 | 3 | 10 | 4,0 | 1,3 | 3 | 9 | 3,5 | 1,2 | 3 | 10 | 4,1 | 1,4 |
| 4000–4999 íbúar | 9 | 28 | 14,4 | 1,6 | 8 | 25 | 14,2 | 1,8 | 7 | 23 | 12,4 | 1,8 | 5 | 18 | 10,05 | 2,0 | 6 | 24 | 12,39 | 2,1 |
| Yfir 5000 íbúar | 11 | 91 | 78,2 | 7,1 | 12 | 95 | 80,35 | 6,7 | 13 | 105 | 86,5 | 6,7 | 15 | 113 | 97,1 | 6,5 | 14 | 110 | 102,71 | 7,3 |

¹Í barnaverndarlögum er gerð krafa um að barnaverndarnefndir hafi sérhæft starfslið í þjónustu sinni. Leggja ber áherslu á að erfitt er að meta vinnuframlag til barnaverndar sérstaklega, þar sem umrætt starfslið sinnir að jafnaði öðrum verkefnum á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga. Upplýsingar um stöðugildi geta verið úr áætlun félagsmálastjóra eða yfirmanna á hverjum tíma og byggjast því á huglægum forsendum frá ári til árs.

1.3 Fjöldi barnaverndarmála eftir landshlutum og stærð umdæma barnaverndarnefnda

Í töflunni kemur fram að barnaverndarnefndir höfðu afskipti af um 66 börnum af hverjum þúsund árið 2017, um 68 börnum á árinu 2018 og um 71 barni af hverjum þúsund árið 2019 (sjá *töflu 1–3*). Meðalfjöldi barnaverndarmála á hver þúsund börn er hæstur hjá sveitarfélögum með 1000–1999 íbúa á árinu 2019, en lægstur hjá sveitarfélögum með 3000–3999 íbúa árið 2019.

Tafla 1-3 Fjöldi barnaverndarmála¹ eftir stærð umdæma barnaverndarnefnda

| Íbúafjöldi umdæmis | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Heildar- | Heildar- | Heildar- | Heildar- | Heildar- | Meðal- | Meðal- | Meðal- | Meðal- | Meðal- | Meðal- | Meðal- | Meðal- | Meðal- | Meðal- |
|--------------------|--------|--------|--------|--------|--------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|---------|---------|---------|---------|---------|
| | nefnda | nefnda | nefnda | nefnda | nefnda | fjöldi | fjöldi | fjöldi | fjöldi | fjöldi | fjöldi á | fjöldi á | fjöldi á | fjöldi á | fjöldi á | fjöldi/ | fjöldi/ | fjöldi/ | fjöldi/ | fjöldi/ |
| | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | mála | mála | mála | mála | mála | nefnd | nefnd | nefnd | nefnd | nefnd | þús. | þús. | þús. | þús. | þús. |
| | | | | | | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | börn | börn | börn | börn | börn |
| 1000–1999 íbúar | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 24 | 30 | 51 | 91 | 76 | 12,0 | 15,0 | 25,5 | 45,5 | 38,0 | 31,0 | 39,6 | 68,9 | 126,9 | 106,4 |
| 2000–2999 íbúar | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 41 | 43 | 39 | 57 | 56 | 20,5 | 21,5 | 19,5 | 28,5 | 28,0 | 43,5 | 45,9 | 42,9 | 65,4 | 63,1 |
| 3000–3999 íbúar | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 97 | 118 | 110 | 128 | 127 | 32,3 | 39,3 | 36,7 | 42,7 | 42,3 | 37,2 | 45,6 | 42,5 | 49,6 | 49,1 |
| 4000–4999 íbúar | 9 | 8 | 7 | 5 | 6 | 588 | 709 | 691 | 474 | 552 | 65,3 | 88,6 | 98,7 | 94,8 | 92,0 | 62,7 | 86,5 | 94,7 | 91,8 | 90,1 |
| Yfir 5000 íbúar | 11 | 12 | 13 | 15 | 14 | 4.063 | 4.416 | 4.381 | 4.753 | 4.929 | 369,4 | 368,0 | 337,0 | 316,9 | 352,1 | 61,7 | 65,6 | 63,6 | 66,6 | 69,4 |
| Heildarfjöldi | 27 | 27 | 27 | 27 | 27 | 4.813 | 5.316 | 5.272 | 5.503 | 5.740 | 178,3 | 196,9 | 195,3 | 203,8 | 212,6 | 60,5 | 66,6 | 65,6 | 68,2 | 70,5 |

¹Hér er átt við fjölda barna/ófæddra barna. Eitt barn = eitt mál.

1.4 Aldur og kyn barna sem nefndirnar höfðu til meðferðar


Árið 2018 voru drengir fleiri en stúlkur líkt og á árunum á undan. Árið 2019 var aldurshópurinn 6–10 ára algengastur bæði hjá drengjum og stúlkum, en lítill munur er á þeim aldurshópi og aldurshópnum 0–5 ára. Um 1% barnaverndarmála voru vegna ófæddra barna.

Tafla 1-4 Aldur¹ og kyn barna sem nefndirnar höfðu til meðferðar

| | 2015 | | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|--------------------------------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Drengir 0–5 ára | 684 | 14,2 | 779 | 14,7 | 745 | 14,1 | 727 | 13,2 | 741 | 12,9 |
| Drengir 6–10 ára | 739 | 15,4 | 796 | 15,0 | 806 | 15,3 | 776 | 14,1 | 802 | 14,0 |
| Drengir 11–14 ára | 520 | 10,8 | 605 | 11,4 | 655 | 12,4 | 717 | 13,0 | 774 | 13,5 |
| Drengir 15–17 ára | 438 | 9,1 | 511 | 9,6 | 517 | 9,8 | 548 | 10,0 | 600 | 10,5 |
| Drengir 18–19 ára ¹ | 48 | 1,0 | 58 | 1,1 | 40 | 0,8 | 76 | 1,4 | 79 | 1,4 |
| Drengir alls | 2.429 | 50,5 | 2.749 | 51,7 | 2.763 | 52,4 | 2.844 | 51,7 | 2.996 | 52,2 |
| Stúlkur 0–5 ára | 625 | 13,0 | 672 | 12,6 | 649 | 12,3 | 714 | 13,0 | 690 | 12,0 |
| Stúlkur 6–10 ára. | 632 | 13,1 | 680 | 12,8 | 665 | 12,6 | 724 | 13,2 | 713 | 12,4 |
| Stúlkur 11–14 ára | 495 | 10,3 | 520 | 9,8 | 564 | 10,7 | 600 | 10,9 | 675 | 11,8 |
| Stúlkur 15–17 ára | 532 | 11,1 | 561 | 10,6 | 530 | 10,1 | 499 | 9,1 | 535 | 9,3 |
| Stúlkur 18–19 ára ² | 60 | 1,2 | 78 | 1,5 | 44 | 0,8 | 67 | 1,2 | 82 | 1,4 |
| Stúlkur alls | 2.344 | 48,7 | 2.511 | 47,2 | 2.452 | 46,5 | 2.604 | 47,3 | 2.695 | 47,0 |
| Ófædd börn | 40 | 0,8 | 56 | 1,1 | 57 | 1,1 | 55 | 1,0 | 49 | 0,9 |
| Samtals | 4.813 | 100,0 | 5.316 | 100,0 | 5.272 | 100,0 | 5.503 | 100,0 | 5.740 | 100,0 |

¹Aldur barns er miðaður við fæðingarár, t.d. eru 18 ára börn þau börn sem verða 18 ára á því ári sem fjallað er um.

²Barnaverndaryfirvöld geta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli barnaverndarlaga haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldris.



Mynd 1-2 Aldursdreifing barna sem nefndirnar höfðu til meðferðar á árunum 2015–2019

1.5 Heimilisaðstæður barna

Tafla 1-5 Heimilisaðstæður barna¹

| | 2015 | | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|-----------------------------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Hjá kynforeldrum | 1.696 | 35,5 | 1.974 | 37,5 | 2.058 | 39,5 | 2.112 | 38,8 | 2.223 | 39,1 |
| Hjá móður | 2.004 | 42,0 | 1.964 | 37,3 | 1.814 | 34,8 | 1.906 | 35,0 | 2.064 | 36,3 |
| Hjá föður | 228 | 4,8 | 236 | 4,5 | 501 | 9,6 | 233 | 4,3 | 491 | 8,6 |
| Til skiptis hjá móður/föður | 98 | 2,1 | 233 | 4,4 | 236 | 4,5 | 257 | 4,7 | 262 | 4,6 |
| Hjá móður og stjúpfóreltri | 412 | 8,6 | 505 | 9,6 | 103 | 2,0 | 484 | 8,9 | 111 | 1,9 |
| Hjá föður og stjúpfóreltri | 67 | 1,4 | 103 | 2,0 | 250 | 4,8 | 98 | 1,8 | 300 | 5,3 |
| Hjá fösturfóreltrum | 165 | 3,5 | 150 | 2,9 | 71 | 1,4 | 137 | 2,5 | 62 | 1,1 |
| Hjá kjörforeldrum | 3 | 0,1 | 2 | 0,0 | 129 | 2,5 | 1 | 0,0 | 126 | 2,2 |
| Hjá ættingjum | 48 | 1,0 | 63 | 1,2 | 0 | 0,0 | 65 | 1,2 | 0 | 0,0 |
| Á stofnun | 2 | 0,0 | 15 | 0,3 | 18 | 0,3 | 9 | 0,2 | 17 | 0,3 |
| Annars staðar | 50 | 1,0 | 15 | 0,3 | 35 | 0,7 | 146 | 2,7 | 35 | 0,6 |
| Samtals fjöldi barna | 4.773 | 100,0 | 5.260 | 100,0 | 5.215 | 100,0 | 5.448 | 100,0 | 5.691 | 100,0 |

¹Ekki eru skráðar heimilisaðstæður ófæddra barna

1.6 Erlendur uppruni barna

Tafla 1-6 Hlutfall barna af erlendum uppruna

| | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|------|------|------|------|------|
| | % | % | % | % | % |
| Hlutfall barna af erlendum uppruna ¹ | 19,9 | 21,0 | 22,1 | 21,5 | 22,7 |
| Hlutfall barna af erlendum uppruna á Íslandi ² | 18,0 | 18,7 | 19,6 | 20,6 | 21,5 |

¹Með erlendum uppruna er átt við börn sem eiga a.m.k. annað foreldri af erlendum uppruna.

²Skv. tölum Hagstofu Íslands, innflytjendur, önnur kynslóð innflytjenda eða börn þar sem annað foreldrið var erlent. Miðað er við stöðu við upphaf hvers árs.

2 Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Í barnaverndarlögum er kveðið á um þá skyldu manna að tilkynna barnaverndarnefnd ef þeir verða þess vísir að barni sé misboðið, uppeldi þess vanrækt eða aðbúnaði þess sé svo áfátt að barninu geti stafað hættu af. Sama gildir ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófæddis barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu

Sérstakar skyldur hafa þeir, sem stöðu sinnar vegna eru líklegir til að þekkja til aðstæðna barna til að gera barnaverndarnefnd viðvart.


2.1 Fjöldi tilkynninga

Fjöldi tilkynninga á árinu 2019 var 11.370 og er það fjölgun frá árinu á undan um 11,1%. Tilkynningum hefur hins vegar fjölgað um 32,3% frá árinu 2015.

Tafla 2-1 Fjöldi tilkynninga

| Skipting eftir landsvæðum | 2015 | | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|-----------------------------------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Reykjavík | 3.948 | 45,9 | 4.119 | 44,1 | 4.244 | 42,3 | 4.401 | 43,0 | 4.677 | 41,1 |
| Nágrenni Reykjavíkur ¹ | 2.136 | 24,9 | 2.315 | 24,8 | 2.664 | 26,6 | 2.742 | 26,8 | 3.004 | 26,4 |
| Landsbyggð | 2.511 | 29,2 | 2.911 | 31,2 | 3.117 | 31,1 | 3.089 | 30,2 | 3.689 | 32,5 |
| Samtals | 8.595 | 100,0 | 9.345 | 100,0 | 10.025 | 100,0 | 10.232 | 100,0 | 11.370 | 100,0 |

¹Með nágrenni Reykjavíkur er átt við Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp.



Mynd 2-1 Fjöldi tilkynninga


2.2 Hver tilkynnir til barnaverndarnefnda?

Hlutfall tilkynninga frá lögreglu hefur farið lakkandi undanfarin ár, var 44,8% tilkynninga á árinu 2015 en á árinu 2019 var hlutfall tilkynninga frá lögreglu 41,8% (sjá töflu 2–2). Þar kemur einnig fram að á árinu 2019 var 72,6% tilkynninga sem barst barnaverndarnefndum frá opinberum aðilum og vega tilkynningar frá lögreglu þungst.

Tafla 2-2 Tilkynningar¹ til barnaverndarnefnda

| | 2015 | | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|-----------------------------------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|--------|-------|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Hver tilkynnir? | | | | | | | | | | |
| Lögregla | 3.847 | 44,8 | 4.099 | 43,9 | 4.288 | 42,8 | 4.362 | 42,6 | 4.754 | 41,8 |
| Skólaþjónusta | 1.006 | 11,7 | 1.167 | 12,5 | 1.252 | 12,5 | 1.352 | 13,2 | 1.631 | 14,3 |
| Leikskóli/dagforeldri | 171 | 2,0 | 261 | 2,8 | 228 | 2,3 | 214 | 2,1 | 234 | 2,1 |
| Heilbrigðisþjónusta | 907 | 10,6 | 868 | 9,3 | 1.026 | 10,2 | 1.031 | 10,1 | 1.139 | 10,0 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 188 | 2,2 | 191 | 2,0 | 195 | 1,9 | 137 | 1,3 | 191 | 1,7 |
| Félagsþjónusta/þjónustumiðstöð | 258 | 3,0 | 235 | 2,5 | 249 | 2,5 | 246 | 2,4 | 307 | 2,7 |
| Opinberir aðilar samtals | 6.377 | 74,2 | 6.821 | 73,0 | 7.238 | 72,2 | 7.342 | 71,8 | 8.256 | 72,6 |
| | | | | | | | | | | |
| Foreldrar barns | 671 | 7,8 | 731 | 7,8 | 748 | 7,5 | 823 | 8,0 | 782 | 6,9 |
| Ættingjar | 461 | 5,4 | 447 | 4,8 | 507 | 5,1 | 552 | 5,4 | 524 | 4,6 |
| Barn leitaði sjálf til bvn. | 37 | 0,4 | 53 | 0,6 | 73 | 0,7 | 49 | 0,5 | 60 | 0,5 |
| Nágrannar | 461 | 5,4 | 635 | 6,8 | 595 | 5,9 | 673 | 6,6 | 764 | 6,7 |
| Aðrir en opinberir aðilar samtals | 1.630 | 19,0 | 1.866 | 20,0 | 1.923 | 19,2 | 2.097 | 20,5 | 2.130 | 18,7 |
| | | | | | | | | | | |
| Aðrir ótilgreindir | 588 | 6,8 | 658 | 7,0 | 864 | 8,6 | 793 | 7,8 | 984 | 8,7 |
| Heildarfjöldi tilkynninga | 8.595 | 100,0 | 9.345 | 100,0 | 10.025 | 100,0 | 10.232 | 100,0 | 11.370 | 100,0 |

¹Fleiri en ein tilkynning getur hafa borist um sama barn.



Mynd 2-2 Tilkynningar til barnaverndarnefnda

2.3 Tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna 112

Tafla 2-3 Tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna 112


| | 2015 | | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|--|--------|------------------|--------|-------------------|--------|-------------------|--------|-------------------|--------|-------------------|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Tilkynningar til barnaverndarnefnda ¹ | 658 | 7,7 ² | 1.005 | 10,8 ² | 1.007 | 10,0 ² | 1.102 | 10,8 ² | 1.136 | 10,0 ² |

¹Barnaverndarstofa er í samstarfi við Neyðarlínuna 112 um móttöku tilkynninga til barnaverndarnefnda.

²Hlutfall af heildarfjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda.

2.4 Ástæður tilkynninga

Tilkynningum vegna vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðunar fjölgar, en fækkar örlítið í floknum heilsa/líf ófædds barns í hættu.



Mynd 2-3 Ástæður tilkynninga

Tafla 2-4 Ástæður tilkynninga¹

| Ástæður tilkynninga | 2015 | | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|--|--------|------|--------|------|--------|------|--------|------|--------|------|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Vanræksla | 3.254 | 37,9 | 3.695 | 39,5 | 3.837 | 38,3 | 4.264 | 41,7 | 4.770 | 42,0 |
| Drengir | 1.682 | 19,6 | 1.953 | 20,9 | 2.030 | 20,2 | 2.219 | 21,7 | 2.379 | 20,9 |
| Stúlkur | 1.572 | 18,3 | 1.742 | 18,6 | 1.807 | 18,0 | 2.045 | 20,0 | 2.391 | 21,0 |
| Líkamleg vanræksla | 200 | 2,3 | 224 | 2,4 | 226 | 2,3 | 210 | 2,1 | 207 | 1,8 |
| Drengir | 109 | 1,3 | 133 | 1,4 | 155 | 1,5 | 109 | 1,1 | 109 | 1,0 |
| Stúlkur | 91 | 1,1 | 91 | 1,0 | 71 | 0,7 | 101 | 1,0 | 98 | 0,9 |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 2.640 | 30,7 | 3.075 | 32,9 | 3.305 | 33,0 | 3.664 | 35,8 | 4.169 | 36,7 |
| Drengir | 1.344 | 15,6 | 1.622 | 17,4 | 1.725 | 17,2 | 1.874 | 18,3 | 2.066 | 18,2 |
| Stúlkur | 1.296 | 15,1 | 1.453 | 15,5 | 1.580 | 15,8 | 1.780 | 17,4 | 2.103 | 18,5 |
| Þar af foreldrar í áfengis- og fíkniefnaneyslu | 996 | 11,6 | 1.005 | 10,8 | 1.245 | 12,4 | 1.426 | 13,9 | 1.658 | 14,6 |
| Drengir | 505 | 5,9 | 514 | 5,5 | 632 | 6,3 | 726 | 7,1 | 822 | 7,2 |
| Stúlkur | 491 | 5,7 | 491 | 5,3 | 613 | 6,1 | 700 | 6,8 | 836 | 7,4 |
| Vanræksla varðandi nám | 185 | 2,2 | 231 | 2,5 | 178 | 1,8 | 212 | 2,1 | 217 | 1,9 |
| Drengir | 103 | 1,2 | 132 | 1,4 | 100 | 1,0 | 125 | 1,2 | 127 | 1,1 |
| Stúlkur | 82 | 1,0 | 99 | 1,1 | 78 | 0,8 | 87 | 0,9 | 90 | 0,8 |
| Tilfinningaleg vanræksla | 400 | 4,7 | 333 | 3,6 | 282 | 2,8 | 340 | 3,3 | 346 | 3,0 |
| Drengir | 200 | 2,3 | 174 | 1,9 | 159 | 1,6 | 173 | 1,7 | 164 | 1,4 |
| Stúlkur | 200 | 2,3 | 159 | 1,7 | 123 | 1,2 | 167 | 1,6 | 182 | 1,6 |

| Ástæður tilkynninga | 2015 | | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|--------|------|--------|------|--------|------|--------|------|--------|------|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Ofbeldi | 2.216 | 25,8 | 2.641 | 28,3 | 2.801 | 27,9 | 2.581 | 25,2 | 3.005 | 26,4 |
| Drengir | 1.013 | 11,8 | 1.283 | 13,7 | 1.328 | 13,2 | 1.251 | 12,2 | 1.482 | 13,0 |
| Stúlkur | 1.203 | 14,0 | 1.358 | 14,5 | 1.473 | 14,7 | 1.330 | 13,0 | 1.523 | 13,4 |
| Tilfinningalegt ofbeldi | 1.282 | 14,9 | 1.686 | 18,0 | 1.710 | 17,1 | 1.595 | 15,6 | 1.930 | 17,0 |
| Drengir | 622 | 7,2 | 850 | 9,1 | 858 | 8,6 | 787 | 7,7 | 980 | 8,6 |
| Stúlkur | 660 | 7,7 | 836 | 8,9 | 852 | 8,5 | 808 | 7,9 | 950 | 8,4 |
| Þar af heimilisofbeldi | 676 | 7,9 | 889 | 9,5 | 883 | 8,8 | 803 | 7,8 | 1.017 | 8,9 |
| Drengir | 325 | 3,8 | 441 | 4,7 | 435 | 4,3 | 382 | 3,7 | 510 | 4,5 |
| Stúlkur | 351 | 4,1 | 448 | 4,8 | 448 | 4,5 | 421 | 4,1 | 507 | 4,5 |
| Líkamlegt ofbeldi | 491 | 5,7 | 571 | 6,1 | 694 | 6,9 | 611 | 6,0 | 692 | 6,1 |
| Drengir | 281 | 3,3 | 325 | 3,5 | 386 | 3,9 | 349 | 3,4 | 402 | 3,5 |
| Stúlkur | 210 | 2,4 | 246 | 2,6 | 308 | 3,1 | 262 | 2,6 | 290 | 2,6 |
| Kynferðislegt ofbeldi | 460 | 5,4 | 452 | 4,8 | 449 | 4,5 | 448 | 4,4 | 470 | 4,1 |
| Drengir | 127 | 1,5 | 131 | 1,4 | 110 | 1,1 | 144 | 1,4 | 145 | 1,3 |
| Stúlkur | 333 | 3,9 | 321 | 3,4 | 339 | 3,4 | 304 | 3,0 | 325 | 2,9 |
| Áhættuhegðun | 3.071 | 35,7 | 2.925 | 31,3 | 3.295 | 32,9 | 3.270 | 32,0 | 3.508 | 30,9 |
| Drengir | 1.863 | 21,7 | 1.920 | 20,5 | 2.151 | 21,5 | 2.057 | 20,1 | 2.362 | 20,8 |
| Stúlkur | 1.208 | 14,1 | 1.005 | 10,8 | 1.144 | 11,4 | 1.213 | 11,9 | 1.146 | 10,1 |
| Neysla barns á vímuefnum | 570 | 6,6 | 573 | 6,1 | 552 | 5,5 | 603 | 5,9 | 731 | 6,4 |
| Drengir | 332 | 3,9 | 332 | 3,6 | 321 | 3,2 | 357 | 3,5 | 471 | 4,1 |
| Stúlkur | 238 | 2,8 | 241 | 2,6 | 231 | 2,3 | 246 | 2,4 | 260 | 2,3 |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 1.180 | 13,7 | 1.071 | 11,5 | 1.277 | 12,7 | 1.309 | 12,8 | 1.250 | 11,0 |
| Drengir | 621 | 7,2 | 629 | 6,7 | 715 | 7,1 | 660 | 6,5 | 742 | 6,5 |
